



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, 402. mál

Umsögn með fyrirvara.

Kennarasamband Íslands (KÍ) átelur vinnubrögð fjárlaganefndar Alþingis um að gefa hagsmunaaðilum aðeins eins sólarhrings frest til að skila inn umsögn um málið. Til að rýna svo stórt mál þarf meiri tíma. Við þyrftum hið minnsta þrjá virka daga í slíkt.

Kennarasambandið mun senda inn umsögn í næstu viku, en nauðsynlegt er að rýna vel þær tölur sem liggja til grundvallar í fjármálaáætluninni. Í áætluninni eru sett fram heildarútgjöld og útgjaldarammar (sömu tölur) og fjalla töluliðir 20, 21 og 22 um menntamál.

Það má ljóst vera að með framsetningunni er alls ekki verið að uppfylla markmið stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um eflingu menntunnar í landinu og eflingu kennarastarfsins. Framhaldsskólinn er ekki látinn njóta þeirrar hagræðingar sem felst í styttingu náms til stúdentsprófs eins og ráðherra lagði áherslu á og er það með ólíkindum að svona sé í pottinn búið. Framhaldsskólinn hefur um margra ára skeið barist í bökkum og mátt sæta mikinn niðurskurð. Skólinn naut aldrei þess góðæris sem hluti þjóðarinnar upplifði fyrir hrunið 2008.

Eins er mikilvægt að ríkið standi vel á bak við framkvæmd skól Stefnu í landinu og styðji við sveitarfélögin í rekstri leik-, grunn- og tónlistarskóla. Ríkið, Alþingi, setur rammann með lagasetningu og er ákaflega mikilvægt að fjármagn fylgi þannig að markmið lagasetningar nái fram að ganga. Svo hefur ekki verið með fyrir heildstæða lagasetningu um menntamál frá 2008, ávallt hefur vantað uppá að nægjanlegt fjármagn fylgdi til verksins að mati KÍ.

Mikilvægt er að ríkið leggi til fjármagn hvernig staðið hefur verið að innleiðingu nýrra verkefna og breytinga í grunnskólum t.d. endurskoðun á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar, á námsmati og aðalnámsskrá með það að markmiði að bæta verklag svo grunnskólinn geti tekið við verkefnum frá ríkinu og framkvæmt þau.

Kennarasambandið tekur heils hugar undir álit og umsögn Félags framhaldsskólakennara um málið.

Eins og áður sagði þá áskiljum við okkur rétt til að senda inn ítarlega umsögn um málið um miðja næstu viku, eða ekki seinna en 4. maí 2017.

Með kveðju,

Þórður Á. Hjaltested, formaður KÍ.